

Fundargerð 1. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Langholti, í VRÍI - húsi Verk- og raunvísindadeildar HÍ við Hjarðarhaga.

Tími: 16. maí 2012 kl. 12.00-13:30

Viðstaddir: Aldís Ingimarsdóttir, Dagur Jónsson, Hrund Ó. Andradóttir, Íris Þórarinsdóttir og Jónas Elíasson.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Verkaskipting stjórnar
3. Verk stjórnar árið 2012-2013
4. Fundir stjórnar
5. Félagsfundir
6. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð Aðalfundar haldinn 8. maí 2012 var lögð fram og samþykkt samhljóða eftir litlar lagfæringar.

2. Verkaskipting stjórnar

Á aðalfundi var vísað til stjórnar að ákveða verkaskiptingu, og þ.á. m. kosningu formanns. Stjórnin samþykkti samhljóða að Hrund Andradóttir væri formaður til eins árs.

Eftirfarandi verkaskipting var samþykkt af stjórn:

- Formaður Hrund Andradóttir – Yfirlýsing með helstu störfum félagsins. Samábyrg fyrir bókhaldi félagsins.
- Varaformaður og ritari Aldís Ingimarsdóttir – Tekur við formannsstörfum í fjarveru formanns. Ritar fundargerðir stjórnar og félagsmanna.
- Gjaldkeri. Íris Þórarinsdóttir. Yfirlýsing með bókhaldi félagsins, innheimtu félagsgjalda og aðrar fjáraflanir.
- Meðstjórnendur: Dagur Jónsson og Jónas Elíasson.

3. Verk stjórnar árið 2012-2013

a. Skráning félags

Fyrri stjórn kynnti sér málið. Hægt er að skrá félag og fá úthlutaða kennitölu frá Ríkisskattstjóra. Stjórnarformaður þarf að gera þetta og kostnaður er 5000 kr. Nýja stjórnin undirritaði bæði lög og umsókn félagsins og fól Hrund Andradóttir formanni

VAFRÍ að sækja um að félagið væri skráð. Kostnaður greiðist af Hrund og gjaldkeri mun gera það upp við hana þegar peningur er kominn í sjóð félagsins.

b. Upplýsingaveita, t.d. vefsíða og/eða Facebook grúppa

Rætt var um að hafa almenna opna vefsíðu ætlaða til upplýsinga um félagið

Skoðaðar voru eftirfarandi vefsíður evrópskra vatnsveitufélaga:

- Danva: <http://www.danva.dk>
- Svenskt Vatten: <http://www.svensktvatten.se/>
- Norsk Vann: <http://www.norvar.no/>
- European Federation of National Associations of Water and Wastewater Services (EUREAU): <http://eureau.org/>
- International Water Association (IWA): <http://www.iwahq.org/1nb/home.html>
 - The Nordic Network within IWA (NORDIWA)

Skoðaðar voru eftirfarandi vefsíður íslenskra félagasamtaka:

- Samorka <http://samorka.is/>
- Jarðhitafélagið <http://www.jardhitafelag.is/Iskenska/Forsida/>
 - Stofnkostnaður
 - Uþb. 50 þkr viðhaldskostnaður á ári
 - Umsjón: Samorka
- Geothermal Research Group <http://georg.hi.is/>
 - Stofnkostnaður uþb. 150 þkr
 - Einn starfsmaður með umsjón
- Íslenska vatnafræðinefndin <http://www.vedur.is/vatnafraedinefndin/>
 - Formaður nefndarinnar er forstjóri Veðurstofunnar, Árni Snorrason
 - Vefsíða hýst og rekin af Veðurstofu Íslands
- Ráðstefnusiða PPNW 2010: <http://vefsetur.hi.is/ppnw/>
 - Lítil stofnkostnaður
 - Umsjón gæti verið nefndarmenn og nemendur innan háskóla samfélagsins. Verður að byggja á öflugum upplýsingaflæði.

Árleg félagsgjöld eru 90þ.kr miðað við núverandi 45 skráða félagsmenn. Þessi árgjöld bjóða ekki upp á mikil svigrúm fyrir vefsíðugerð. Rætt var um að byrja smátt í gerð heimasíðunnar og hafa hana eins ódýra og hægt er. Einnig var rætt um að æskilegt væri að stjórnarmenn geti breytt textum á heimasíðunni sjálfir án mikillar fyrirhafnar og að hafa möguleika á auglýsingum eða styrktaraðila á síðunni.

Umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands hefur boðist til þess að borga stofnkostnað og hýsingu á vefsíðu VAFRÍ, hýsta á vefsetri. Ákveðið var að Hrund vinnur þetta aðeins lengra og kannar möguleika á að fá lén fyrir VAFRÍ. Dagur ætlar að kanna með möguleika á að vista síðuna á Samorku, a.m.k. verður að vera tenging inná VAFRÍ heimasíðuna af síðu Samorku.

c. Viðburðir að hausti og vori

Ákveðið var að stefna að því að vera með hálfss dags málþing fyrir fagfólk og almenning:

- Fráveitumál, á haustmánuðum 2012. Yfirumsjón Hrund Andradóttir og Íris Þorsteinsdóttir. Í samvinnu við SATS og sveitafélög.

- Um vatnsveitumál, á degi vatnsins 22. mars 2013. Yfirlýsing: Aldís Ingimarsdóttir og Dagur Jónsson. Samstarf verður haft við Íslensku vatnafræðinefndina sem Hrund Andradóttir situr í, og Matís, sem stefnir á að halda umhverfisping tileinkað rannsóknum í vatni.

Hugmyndir að efni á málþingum sem fram komu:

- ✓ Hvað hefur lærst í sambandi við lífrænar hreinsistöðvar
- ✓ Hvað er að brýnast varðandi vatnsveitur, t.d. stjórnsýslan, og langtímafjármögnun veita
- ✓ Vatnsverndarmál, stærð vatnsforðans og mengunarhætta.
- ✓ Er þörf á fræðslu eða áróðri sem stuðlar að minni notkun á vatni?

d. Söfnun áhugaverðra upplýsinga um vatns og fráveitumál á Íslandi

Formaður fráfarandi stjórnar, Pétur Kristjánsson, sendi email á núverandi stjórn með eftirfarandi töflu yfir þau skjöl sem vert væri að stjórn VAFRÍ geymdi. Sum skjöl fylgdu emailnum, önnur voru í vörslu neðangreindra aðila.

Skjöl:	Námar:	Tími:	Tilvísun	Netfang:
Félagaskrá	Excelskjál		fylgir með	
Fundargerð stofnfundar		17/4 2009	Fylgir með	
Lög félagsins		17/4 2009	Fylgir með	
Fyrirlestur Sveins Torfa	Meðhöndlun ofanvatns	17/4 2009	Sveinn Torfi	sveinn.thorolfsson@ntnu.no
Fyrirlestur Jónasar Elíassonar	Hönnunarskúrir og rennslisreikningar fyrir fráveitur á Íslandi	17/4 2009	Jónas Elíasson	jonase@rhi.hi.is
Fundargerð stjórnarfundar	ritari stjórnar	maí 09	Arndís Ósk Ólafsdóttir	arndis.osk.olafsdottir@or.is
Fyrirlestur um Innra eftirlit í vatnsveitum	Málþing	(maí 10)	María J Gunnarsdóttir	mariag@hi.is
Fyrirlestur um vatnsveituna í Bergen	Málþing	(maí 10)	Sveinn Torfi	sveinn.thorolfsson@ntnu.no
Setningarávarp pk	Málþing um sjálfbært vatnafar	23/4 2012	Fylgir með	
Fyrirlestur um sjálfbært vatnafar í nútíð og framtíð	Málþing um sjálfbært vatnafar	23/4 2012	Sveinn Torfi	sveinn.thorolfsson@ntnu.no
Fyrirlestur um Framtíðahönnun þi blágrænna	Málþing um sjálfbært vatnafar	23/4 2012	Hrund Ó Andradóttir	hrund@hi.is

lausna				
Fyrirlestur um Frá hugmynd að veruleika – Blágrænar lausnir í Urriðaholti	Málþing um sjálfbært vatnafar	23/4 2012	Halldóra Hreggviðsdóttir	halldora@alta.is
Samantekt frá málþinginu	Málþing um sjálfbært vatnafar	23/4 2012	Halldóra Hreggviðsdóttir	halldora@alta.is
Fyrirlestur: Hugleiðing um fráveitu	Aðalfundur VAFRÍ	8/5 2012	Hilmar sigurðsson	hilmar@hnit.is
Fundargerð	Aðalfundur VAFRÍ	8/5 2012	Aldís Ingimarsdóttir	aldisi@ru.is
Ársreikningur 2009-2012	Aðalfundur VAFRÍ	8/5 2012	Þú ert væntanlega með hana	

Tekist hefur að ná öllum þessum upplýsingum, nema fundargerð stjórnarfundar. Allar upplýsingar frá málþinginu 23/4/2012 eru vistaðar á vefsíðu Urriðaholts.

4. Fundir stjórnar

Lagt er til að stjórn VAFRI fundi á mánaðar fresti yfir vetrartímann. Hugsanlega verða aukafundir fyrir skipulag ráðstefna. Stjórnarfundir sem koma að skipulagningu viðburða verði opnir félagsmönnum, og reynt að fá þeirra innlegg. Næsti fundur verði haldinn í ágúst, eftir sumarfrí. Nánari tímasetning verður fundin í ágúst.

5. Félagsfundir

Miðað við að halda 2 félagsfundi á ári. Sjá nánar lið 2c.

6. Önnur mál

- Engin önnur mál voru rædd.

Fundi var lokið um kl. 13:45

Fundarritari: Aldís Ingimarsdóttir, aldisi@ru.is